

Félag sjúkraþjálfara

Lög Félags sjúkraþjálfara

Samþykkt á aðalfundi Félags sjúkraþjálfara 28. febrúar 2019

I kafli: Nafn og hlutverk

1. gr.

Heiti félagsins

Félagið heitir Félag sjúkraþjálfara, skammstafað FS. Lögheimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Starfssvæði félagsins er landið allt. Félagið er aðili að Bandalagi háskólamanna (BHM).

2. gr.

Markmið félagsins

Markmið félagsins er að:

- Vera öflugur málsvari sjúkraþjálfara, fylgjast með og taka þátt í umræðu um málefni þeirra.
- Gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna varðandi kjör og starfsumhverfi.
- Standa vörð um starfsheitið og gæði sjúkraþjálfunar.
- Stuðla að fræðslu og símenntun sjúkraþjálfara og þróun sjúkraþjálfunar sem fræðigreinar með samfélagslega ábyrgð og hagsmuni almennings að leiðarljósi.
- Vera vettvangur samskipta félagsmanna inn á við og út á við og efla fag- og stéttarvitund sjúkraþjálfara.
- Kynna störf sjúkraþjálfara.
- Taka þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál sjúkraþjálfara.
- Taka þátt í stefnumótun í heilbrigðismálum.

3. gr.

Leiðir að markmiðum

Félagið vinnur að markmiðum sínum með því að:

- Efla ímynd félags og stéttar í samfélaginu, meðal annars með virkri þátttöku í þjóðfélagsumræðu og kynningu á störfum sjúkraþjálfara.
- Vera lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sbr. 10. grein.
- Veita einstaklingsbundna þjónustu og starfrækja upplýsingaveitu um kjaramál í víðum skilningi.
- Halda góðum tengslum við menntastofnanir og stuðla að endur- og símenntun félagsmanna.
- Halda uppi öflugu félagsstarfi og eiga gott samstarf við opinbera aðila og önnur hagsmuna- og fagfélög.
- Vera bakhjarl félagsmanna sem mótandi afls í þróun samfélagsins á sviði sjúkraþjálfunar.

Félag sjúkraþjálfara

- Hafa jafnræði að leiðarljósi í starfi sínu.

Félag sjúkraþjálfara

II.

kafli: AÐILD AÐ FÉLAGINU OG ÚRSÖGN

4. gr.

Skilyrði um félagsaðild - full aðild, fagaðild, kjaraaðild, ungfélagaaðild

Aðild að félaginu getur verið með eftirfarandi hætti:

- full aðild
- fagaðild
- kjaraaðild
- ungfélagaaðild

Rétt til fullrar aðildar að félaginu eiga allir sjúkraþjálfarar með íslensk starfsleyfi.

Rétt til fagaðildar að félaginu eiga þeir sjúkraþjálfarar sem eru með íslensk starfsleyfi en starfa ekki eftir þeim kjara- eða verktakasamningum sem félagið hefur gert fyrir hönd sjúkraþjálfara.

Rétt til kjaraaðildar eiga þeir sjúkraþjálfarar sem taka laun eftir kjara- og/eða verktakasamningum sem félagið hefur gert fyrir þeirra hönd, en óska þess sérstaklega að hafa ekki fagaðild að félaginu.

Rétt til ungfélagaaðildar eiga nemandi í sjúkraþjálfun, sem lokið hafa einu námsári af háskólanámi.

Beiðni um inngöngu í félagið skal send stjórn félagsins skriflega.

Heiðursfélagi getur sá orðið sem kjörinn er til þess af stjórn og skal kjöri hans lýst á aðalfundi.

5. gr.

Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send félagsstjórn. Úrsögn tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að hún berst.

Eftirfarandi ákvæði gildir einungis um þá sem eru aðilar að kjaradeild félagsins skv. 10. gr.:

Eigi kjaradeild félagsins í kjaradeilum á þeim tíma sem úrsögn félagsmanns í kjaradeild er að öðlast gildi, getur stjórn félagsins framlengt úrsagnarfrestinn þar til deilu lýkur.

6. gr.

Réttindi og skyldur

Félagsmönnum er skylt að fara eftir lögum félagsins, siðareglum og öðrum samþykktum þess. Félagar hafa rétt til að kenna sig við félagið og nota skammstöfun félagsins með nafni sínu. Félagar með fulla aðild hafa atkvæðisrétt í öllum málum sem þeir eiga beina aðild að. Félagar með eingöngu kjaraaðild hafa atkvæðarétt í þeim

Félag sjúkraþjálfara

kjaramálum sem þeir eiga beina aðild að. Félagar með fagaðild eingöngu hafa atkvæðisrétt í öllum málum nema þeim er snerta kjaramál. Atkvæðisréttur er skilyrtur því að viðkomandi sé skuldlaus við félagið.

Ungfélögum er heimil þátttaka í viðburðum á vegum félagsins. Þeir hafa ekki önnur réttindi í félaginu.

7. gr.

Málskot

Ágreiningi, sem rísa kann á milli einstakra félagsmanna annars vegar og stjórnar félags hins vegar um rétt eða skyldur félagsmanna má vísa til félagsfundar og er úrskurður hans endanlegur.

Komi félagsmaður fram á þann hátt að ekki samræmist tilgangi félagsins, hag eða heiðri getur stjórn lagt til að honum verði vikið úr félaginu. Félagsmaður getur vísað brottrekstri til félagsfundar og er ákvörðun félagsfundar endanleg. Þarf 2/3 atkvæða á félagsfundi þar sem slíkt mál er til meðferðar samkvæmt fundarboði til að samþykkja brottrekstur.

III.

kafli: SKIPULAG FÉLAGSINS OG STJÓRN

8. gr.

Skipulag félagsins

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Starfsemi félagsins er stjórnað af stjórn undir forystu formanns. Innan vébanda félagsins starfa fagdeild og kjaradeild sbr. 10. gr. Deildir og fastanefndir starfa innan félagsins að ákveðnum málefnum.

9. gr.

Stjórn

Í stjórn sitja formaður og fjórir meðstjórnendur. Varamenn eru tveir. Formaður skal kosinn til tveggja ára. Kosning formanns skal vera rafræn séu fleiri en einn í kjöri. Séu fleiri en tveir í kjöri og ekki fæst hreinn meirihluti í fyrstu umferð skal kjósa aftur rafrænt milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu. Allir félagar eru kjörgengir nema þeir sem eru með ungfélagaaðild. Formannskjöri skal stýrt af 3 manna kjörstjórn, skipaðri af stjórn FS, sem hefur umsjón með framkvæmd kosninganna í samræmi við starfsreglur kjörstjórnar. Á aðalfundi skal kjósa tvo meðstjórnendur til tveggja ára í senn og einn varamann, einnig til tveggja ára. Kjósa skal skriflega séu fleiri í kjöri en kjósa á. Félagar með fulla aðild eru kjörgengir í kosningu til meðstjórnanda.

Félag sjúkraþjálfara

Stjórn skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur. Stjórn skipar í aðrar trúnaðarstöður en þær sem tilgreindar eru í lögum.

10. gr.

Kjaradeild - kjaranefnd

Kjaradeild félagsins annast gerð kjarasamninga fyrir hönd FS fyrir þá félagsmenn sem eru launþegar á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Kjaradeild vinnur einnig að samningsgerð fyrir hönd sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara. Félagar í kjaradeild eru kjörgengir og hafa atkvæðisrétt í kosningu til kjaranefndar. Þeir einir taka þátt í atkvæðagreiðslu um samninga og boðun vinnustöðvunar sem viðkomandi samningur nær til. Kjaranefnd skipar samninganefndir en er heimilt að kalla eftir fleiri fulltrúum ef þurfa þykir.

Kjaranefnd er skipuð ellefu félagsmönnum. Varamenn eru fjórir. Formaður félagsins er jafnframt formaður kjaranefndar. Í kjaranefnd sitja fimm nefndarmenn og tveir varamenn úr röðum launþega og fimm nefndarmenn og tveir varamenn úr röðum sjálfstætt starfandi.

Á hverju ári skal kjósa fimm nefndarmenn til tveggja ára í senn og tvo varamenn, einnig til tveggja ára.

Kjaranefnd skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur.

Kjaranefnd skal sjá um að félagsmenn kjósi trúnaðarmenn á vinnustöðum samkvæmt því sem heimilað er í lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða því sem samið kann að vera um í kjarasamningum. Einnig skal kjaranefnd sjá um að sjálfstætt starfandi félagsmenn tilnefni fulltrúa frá hverjum vinnustað í trúnaðarráð sjálfstætt starfandi.

11. gr.

Undirfélög og landshlutadeildir

Félagsmönnum er heimilt að stofna undirfélög og landshlutadeildir sem hafa það meginmarkmið að vinna að framþróun og/eða hagsmunagæslu á ákveðnum sviðum sjúkraþjálfunar eða á ákveðnum landsvæðum. Einungis félagar í fagdeild félagsins geta verið aðilar að undirfélögum og landshlutadeildum. Undirfélögin og landshlutadeildir setja sér lög eða starfsreglur sem samþykktar eru af stjórn félagsins.

Félag sjúkraþjálfara

Umsókn um aðild að félaginu sem undirfélag og/eða landshlutadeild skal senda stjórn félagsins ásamt lögum eða starfsreglum.

12. gr.

Nefndir

Almennt gildir um nefndir að nefndarmenn eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, nema annað sé sérstaklega tiltekið.

Fastanefndir félagsins eru: Heimasíðunefnd, siðanefnd og uppstillinganefnd. Siðanefnd skal skipuð þremur félagsmönnum og einum til vara sem ekki gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Kjósa skal í nefndina einn mann á ári til þriggja ára. Aldrei skulu fleiri en tveir nefndarmenn ganga úr nefnd í einu. Varamann skal kjósa til þriggja ára. Starfsreglur siðanefndar skulu samþykktar af aðalfundi.

Heimasíðunefnd og uppstillinganefnd skulu skipaðar þremur félagsmönnum hið minnsta.

Fastanefndir fagdeildar eru: Fagnefnd, fræðslunefnd, ritnefnd, fræðileg ritstjórn, og stjórn Vísindasjóðs félagsins.

Í fagnefnd skulu sitja þrjú félagsmenn hið minnsta, í fræðslunefnd 6-8 félagsmenn auk varamanna. Stjórn FS skipar ritnefnd, fræðilega ritstjórn og stjórn Vísindasjóðs félagsins.

Fastanefndir kjaradeildar eru: Kjaranefnd sbr.10. grein, stjórn Gagnasjóðs, sem stjórn félagsins tilnefni úr hópi félagsmanna sem greiða vefþjónustugjald og stjórn kjarabaráttusjóðs sem stjórn félagsins skipar.

Starfsreglur Vísindasjóðs og siðareglur félagsins skal endurskoða að lágmarki þriðja hvert ár og breytingar á þeim skulu samþykktar af aðalfundi félagsins.

Starfsreglur annarra nefnda skulu samþykktar af stjórn.

13. gr.

Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert. Aðalfundur og aukaaðalfundur skal boðað rafrænt til allra félagsmanna með minnst 14 daga fyrirvara. Dagskrá fundarins skal tilkynnt í fundarboði, svo og allar tillögur sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum. Slíkar tillögur frá félagsmönnum skulu hafa borist stjórninni fyrir 1. febrúar. Verði á aðalfundi verulegar efnisbreytingar á áður kynntum tillögum skal afgreiðsla þeirra frestað og boðað til aukaaðalfundar eða allsherjaratkvæðagreiðslu. Félagar hafa atkvæðarétt á aðalfundi skv 6. grein. Aðalfundur og aukaaðalfundur teljast löglegir, sé löglega til þeirra boðað. Skýrsla stjórnar skal liggja frammi á aðalfundi.

Félag sjúkraþjálfara

Dagskrá aðalfundar:

Kosning fundarstjóra og fundarritara

1. Skýrsla stjórnar og nefnda um störf félagsins á liðnu ári
2. Reikningsskil
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
4. Tillögur félagsstjórnar
5. Kjöri formanns lýst, þegar það á við
6. Kosning meðstjórnenda
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Kosning í kjaranefnd félagsins
9. Kosning í nefndir
10. Lagabreytingar
11. Önnur mál

14. gr.

Aukaaðalfundur

Aukaaðalfundur skal kalla saman þegar stjórninni þykir ástæða til eða þegar fimmtíu félagsmenn eða fleiri óska þess skriflega. Um boðun gilda að öðru leyti sömu reglur og um boðun aðalfunda.

15. gr.

Félagsfundir

Félagsfundir skal boða þegar stjórn ákveður. Stjórnin ákveður fundarefni og fundartíma. Stjórn er skylt að boða til félagsfundar komi fram skrifleg krafa um það, þar sem fundarefni er tilgreint, frá a.m.k. fimmtíu félagsmönnum. Félagsfundum stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann tilnefnir ritara. Fundargerðir skal bóka. Félagsfundir skal boða með a.m.k. þriggja daga fyrirvara með tryggilegum hætti.

16. gr.

Allsherjaratkvæðagreiðsla

Stjórn félagsins getur látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu þegar henni þykir ástæða til eða a.m.k. fimmtíu félagsmenn óska þess skriflega. Með allsherjaratkvæðagreiðslu má taka ákvörðun um öll þau mál, sem aðalfundir einir geta annars tekið ákvörðun um. Til samþykktar tillögu við slíka atkvæðagreiðslu þarf meira en helming greiddra atkvæða, nema um lagabreytingar, en þar þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram skriflega eða með rafrænum hætti. Öllum félagsmönnum skal senda kjörgögn og þær tillögur, er greiða skal atkvæði um og tilkynna skilafrest á atkvæðaseðlum eða tímalengd rafrænnar atkvæðagreiðslu. Frestur þessi skal ekki vera skemmri en 2 vikur. Stjórn félagsins skal birta úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu skriflega eða með rafrænum hætti.

Félag sjúkraþjálfara

Kjaradeild skal láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. um boðun verkfalls, enda sé gætt ákvæða 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eða 15. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 eftir því sem við á. Einnig getur kjaradeild látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um afgreiðslu samninga, enda sé gætt ákvæða 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eða 23. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 eftir því sem við á. Við allsherjaratkvæðagreiðslu á vegum kjaradeildar eru þeir einir atkvæðisbærir sem eiga beina aðild að viðkomandi samningi.

17. gr.

Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjald fyrir fulla aðild, fagaðild og aðild að kjaradeild skv. 6. grein fyrir næsta almanaksár og gjöld til fastanefnda að fengnum tillögum stjórnar. Gjald dagar félagsgjalda fyrir fagaðild eru 1. mars og 1. september ár hvert. Heimilt er að greiða árgjald fagaðildar með jöfnum mánaðarlegum afborgunum að höfðu samráði við skrifstofu. Gjald daga félagsgjalda fyrir kjaradeildaraðild er 15. hvers mánaðar. Lendi félagismaður í vanskilum með árgjald sitt er heimilt að láta hann bera innheimtukostnað auk vaxta.

Greiði félagi ekki félagsgjöld í samræmi við aðild sína í eitt ár, missir hann félagsréttindi sín, að undangenginni skriflegri viðvörðun. Félagismaður öðlast félagsréttindi sín á ný þegar árgjaldaskuldin er að fullu greidd.

Félagar búsettir erlendis og félagar 65 ára og eldri greiða 20% félagsgjalds fyrir fagaðild. Heiðursfélagar, félagar 80 ára og eldri og öryrkjar greiða ekki félagsgjald fyrir fagaðild. Ungfélagar og félagar sem eru í fullu námi greiða ekki félagsgjöld fyrir fagaðild.

Stjórn getur tekið ákvörðun um eftirgjöf hluta félagsgjalda eða aðra tilhögun greiðslna.

Af fagfélagsgjaldi sérhvers félaga með fagaðild eða fulla aðild skal á hverju ári renna 7% í Vísindasjóð. Upphæðin getur verið hærri ef aðalfundur ákveður en aldrei lægri. Upphæðinni skal ráðstafað samkvæmt gildandi starfsreglum Vísindasjóðs.

Landshlutadeildir eiga 10% hluta af greiddum fagfélagsgjöldum félagsmanna sinna fyrir ár hvert.

18. gr.

Skrifstofa

Félagið rekur skrifstofu til þjónustu við félagsmenn. Fyrir lok hvers starfsárs skal framkvæmda- og rekstraráætlun skrifstofunnar fyrir næsta starfsár lögð fyrir stjórn FS til samþykktar.

Félag sjúkraþjálfara

19. gr.

Reikningar og endurskoðun

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar félagsins skulu vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmönnum. Skoðunarmenn skulu hafa haft reikninga til skoðunar í a.m.k. eina viku fyrir aðalfund. Skulu reikningar samþykktir á aðalfundi.

20. gr.

Sjóðir

Um sjóði sem samið er um í kjarasamningum gilda sérstakar reglur.

Réttindi félagsmanna til greiðslna úr sjóðum eru háð því hvort félagsmenn greiða til viðkomandi sjóða eða ekki.

Ágóði af Degi sjúkraþjálfunar ár hvert skal renna í Vísindasjóð FS.

Félagið hefur umsjón með SP-sjóði.

Aðrir sjóðir félagsins skulu vera í vörslu stjórnar, og skal hún sjá um að þeir séu ávaxtaðir á tryggan hátt. Stjórn félagsins getur skipað sjóðum sérstaka stjórn telji hún þess þörf. Um sérstaka sjóði félagsins skulu samdar reglur og skulu þær samþykktar á stjórnarfundi.

IV.

kafli: LAGABREYTINGAR OG FÉLAGSSLIT

21. gr.

Lagabreytingar og meiri háttar ákvarðanir

Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi eða með allsherjaratkvæðagreiðslu. Tillögur um lagabreytingar, sem leggja á fyrir aðalfund skulu birtar í fundarboði. Til lagabreytinga sem bornar eru undir aðalfund þarf 2/3 greiddra atkvæða. Sama gildir í allsherjaratkvæðagreiðslu. Ef innan við fimmtíu félagsmenn taka þátt í atkvæðagreiðslu á aðalfundi um grundvallarbreytingu á FS, svo sem sameiningu við önnur félög, reglur um félagsaðild eða mikilvægar ákvarðanir um fjármál FS eða sjóða þess öðlast slík ályktun ekki gildi, nema hún verði samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða á næsta aðalfundi. Eigi má selja eða veðsetja fasteign í eigu félagsins án samþykkis félagsfundar og þarf 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytingar skulu birtar félagsmönnum.

22. gr.

Félagsslit

Félag sjúkraþjálfara

Félaginu verður því aðeins slitið að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um lagabreytingar.

Félagsfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins.